



UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um könnun um ferðavenjur (US210243).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 1. september sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins:

1. Hver var kostnaðurinn við könnun sem Maskína gerði fyrir Reykjavíkurborg um ferðavenjur íbúa á höfuðborgarsvæðinu og hvernig þeir ferðast úr og í vinnu og hvernig þeir myndu helst vilja ferðast úr og í vinnu?

2. Hvers vegna varð Maskína fyrir valinu?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann 8. september sl.

Svar við fyrirspurn:

1. Kostnaður skrifstofunnar vegna ferðavenjukönnunar 2021 var 290.000 kr.
2. Reykjavíkurborg óskaði ekki sérstaklega eftir að Maskína gerði könnun á ferðavenjum íbúa á höfuðborgarsvæðinu, heldur hefur fyrirtækið gert þær að eigin frumkvæði undanfarin ár. Í ár bauð Maskína borginni að kaupa niðurstöður könnunarinnar, sérstaklega flokkaðar m.a. m.t.t. hverfaskiptingar Reykjavíkur, á ofangreindu verði.

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri